

Nd.

114. Frumvarp

til laga um landamerki Borgarhrepps í Mýrasýslu.

Flutningsm.: Bjarni Ásgeirsson.

1. gr.

Landamerki Borgarhrepps í Mýrasýslu skulu vera þau, er hér greinir:

Að vestan ræður Langá landamerkjum frá sjó til upptaka sinna í Langárvatni. Þaðan ræður Langavatn merkjum, þar til Langavatnsdalsá fellur í það, þá Langavatnsdalsá, þar til Mjóadalsá fellur í hana.

Mjóadalsá ræður síðan merkjum að Sauðarhrygg. Þaðan eru merkin sjónhending upp á hæstu trumbu á Viðidalsmúla og þaðan eftir háeggjum fyrir efstu drög Viðidals, en þaðan eins og vötnum hallar frá háfjalli suður í hæstu drög á Sátudal; þá ræður Sátugil merkjum niður í Fossdalsá, þá Fossdalsá niður í Skammá, þá Skammá í Vikravatn, þá Vikravatn að Lambafelli. Þá ræður merkjum laut sú, sem er á milli Vikrafells og Lambafells, þar sem hún er lægst, allt ofan í Litluá á Grímsdal. Þá ræður merkjum Litluá þar til hún fellur í Gljúfurá, en síðan Gljúfurá, alla leið um sýki, er rennur úr henni í Norðurá, á milli Sólheimatungu-tungu og Ferjubakka. Þaðan ræður merkjum Norðurá þar til hún rennur í Hvitá, en síðan Hvitá alla leið til sjávar.

2. gr.

Frá þeim tíma, er lög þessi öðlast gildi, tekur Borgarhreppur að sér framfærslu allra þeirra, sem hjálparþurfa eru eða verða og framfærsluveit eiga eða mundu eignast í Stafholtstungnahreppi vegna fæðingar eða dvalar á jörðinni Grísatungu.

3. gr.

Stofholtstungnahreppur skal öðlast forkaupsrétt að afréttarlandi því, er Stafholtskirkja á í Norðurárdalshreppi: Einiberja-, Brekku- og Staðarmúlum ásamt hálfum Baulusandi. Á sama hátt eignast Borgarhreppur forkaupsrétt að Staðartungu og Grísatungu. Um kaupverð á löndum þessum fer eftir mati þriggja manna nefndar, einum útnefndum af sýslunefnd Mýrasýslu, öðrum af kirkjumálaráðherra Íslands og þriðja af hæstarétti.

4. gr.

Geri Stafholtstungnahreppur kröfu á hendur Borgarhreppi um skaðabætur vegna ákvæða laga þessara, og verði ekki samkomulag milli þeirra um bæturnar, skulu þær úrskurðaðar af nefnd þeirri, sem um getur í 3. gr. laganna.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt fyrir beiðni hreppsnefndar Borgarhrepps, í þeim tilgangi að lagfæra nokkuð landamerki hreppsins og m. a. til þess að ná inn fyrir þau fjallendi, sem sveitin á, en nú liggur í lögsagnarumdæmi Stafholtstungnahrepps.

Nánar í framsögu.